

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (12 Viðskiptaráðuneyti).

Frá 2. minni hluta viðskiptanefndar.

Annar minni hluti viðskiptanefndar leggst alfarið gegn því að fjölga ráðuneytum með þeim hætti sem gert er ráð fyrir með því að tveir ráðherrar verði yfir iðnaðar- og viðskiptamálum í stað eins áður. Þessi breyting mun valda auknum ríkisútgjöldum þar sem fjölga þarf starfsfólki og nýtt húsnæði þarf undir viðskiptaráðuneytið. Þessi stefnumörkun er þvert á gefin fyrirheit um fækkun ráðuneyta og hagræðingu í opinberri stjórnsýslu. Nær hefði verið að fækka ráðuneytum frekar en að fjölga ráðherraembættum eins og gert er ráð fyrir með þessum breytingum.

Það skýtur skökku við að framlög til Samkeppnisstofnunar skuli ekki vera meiri en raun ber vitni í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2008. Stofnunin gegnir lykilhlutverki í að halda úti heilbrigðum markaðsaðstæðum í samkeppnisrekstri. Til þess að stofnunin geti rækt hlutverk sitt, sem verður æ viðameira ár frá ári, þarf að skapa henni það starfsumhverfi að hún geti gegnt hlutverki sínu með sóma. Í raun er um nær enga viðbót að ræða til stofnunarinnar frá því sem fyrri ríkisstjórn ákvarðaði. Miklar yfirlýsingar viðskiptaráðherra um neytendavernd eru ekki í takti við framlög til þeirrar mikilvægu stofnunar sem Samkeppnisstofnun er.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að flutningsjöfnunarsjóður olíuvara verði lagður niður. Viðskiptaráðherra hefur hins vegar gert grein fyrir því að þeim áformum verði a.m.k. frestað og málið skoðað nánar. Þessu ber að fagna, enda hefði eldsneytiskostnaður á mörgum stöðum á landsbyggðinni hækkað samfara niðurlagningu flutningsjöfnunarsjóðs.

Gert er ráð fyrir 150 millj. kr. framlagi til þess að lækka flutningskostnað á Vestfjörðum. Þessu ber að fagna. Hins vegar er það svo að mörg önnur landssvæði búa við sams konar skilyrði og Vestfirðir og jafnvel við hærri flutningskostnað, líkt og Norðausturland, en ekki er gert ráð fyrir framlögum til að lækka flutningskostnað íbúa á þeim svæðum. Það stenst ekki jafnræði að landssvæði sem búa við íbúafækkun og tekjusamdrátt skuli sum hljóta styrki til lækkunar flutningskostnaðar en önnur ekki. Hér er um grófa mismunun að ræða og algjört skilningsleysi af hálfu ríkisstjórnarflokkanna á aðstæðum þessara byggðarlaga.

Alþingi, 19. nóv. 2006.
Birkir Jón Jónsson.